

Fyrsti fundur foreldrafélagsins 2. október 2017

Mættir voru:

Guðrún Viktorsdóttir – aðstoðarleikskólastjóri,
Björk Guðjónsdóttir, barn Brynja Dís Bjarkardóttir – Móbergi
Dóra Ásgeirsdóttir, barn Kári Svavarsson – Silfurbergi
Guðrún Ósk Kristinsdóttir, barn Davíð Fannar
Hjörleifur Einarsson, barn Viktor Myrkvi - Silfurbergi
Inibjörg Zoega, barn Karen Mist – Álfabergi
Jóna Lind Bjarnadóttir, barn Ragnar Óli Einarsson Ragnars – Stuðlabergi
Ólafur Guðmundsson, barn Þórey Vigdís Ólafsdóttir – Móbergi
Paulina Romero, barn Leia Sif – Flikurbergi

Kosin var ný stjórn, gjaldkerinn gaf kost á sér annað árið í röð

Formaður: Guðrún Ósk Kristinsdóttir

Gjaldkeri: Björk Guðmundsdóttir

Ritari: Jóna Lind Bjarnadóttir

Farið var yfir starfsemi foreldrafélagsins og tilgang þess. Rætt var um hvað hefur verið gert undanfarin ár og farið yfir kostnaðarliði ársins í fyrra.

Umræða var um gjaldið í foreldrafélagið og var ákveðið að hafa það óbreytt frá fyrra ári. Gjaldið er 4.500 kr. á heimili og verða sendar inn kröfur í netbanka á næstunni. Mikilvægt er að greiða það sem fyrst svo starfsemin geti haldið sér. Foreldrafélagið á 115 þúsund krónur á banka í dag.

Fyrsti viðburðurinn verður 15. nóvember og verður það leiksýning Íslenski filinn. Hann kemur í leikskólann og sýnir þar.

Undanfarin ár hefur verið farið í sveitaferð á vorin en heyrst hefur að sveitabærinn sem hefur tekið á móti okkur sé að hætta því og var því rætt um hvort það ætti að breyta til og gera eitthvað annað í staðin. Hugmynd kom um að hafa opna daga fyrir foreldra, ömmur, afa og frændfólk og jafnvel hafa það kynjaskipt t.d. á konudag og bóndadag. Umræða var um jólaball og jólasveina, hugmynd var um að athuga hvort það væru mögulega einhverjir þabbar á leikskólanum eða einhverjir tengdir aðilar sem gætu leikið jólasveina til að spara foreldrafélaginu þann kostnað. Einnig á að skoða kostnað við að fara í Þjóðleikhúsið á leiksýninguna Trölllið sem stal jólnum. Betur verður farið yfir þessar hugmyndir á næsta fundi sem er áætlaður 7. nóvember.